

Fundur var haldinn í Félagi austfirskra kvenna í Reykjavík, í safnaðarheimili Grensáskirkju mánudaginn 2. febrúar 2026 kl. 20:00.

Mjög góð mæting var á fundinn, alls 56 konur.

Sigurborg Hilmarsdóttir frá Eskifirði flutti skemmtilegt og fróðlegt erindi um Kvenréttindafélag Eskifjarðar sem starfaði þar á árum áður. Var gaman að heyra um hlutverk, markmið og verkefni félagsins og hvað var á oddinum í félagi sem þessu á þeim árum sem það starfaði, á árabílinu 1950 – 1960. Voru félagskonur í félaginu flestar 30 talsins.

Erindi Sigurborgar var vel tekið og vakti athygli að nokkrar konur af eskfirskum uppruna komu sem gestir á fundinn, sérstaklega til að hlusta á erindið.

Formaður minntist á þorran og vísaði í heimild úr Bændablaðinu af þorrahaldi í sveitum á Austurlandi en þorrahald á Austurlandi og innanverðum Eyjafirði þekktist fyrr en í öðrum sveitum, skv. heimildum úr Þjóðháttaskrá Þjóðminjasafnsins.

Í kjölfarið tóku fundarkonur lagið, sungu fyrstu erindin í Þorraprælum og svo lagið um Hangikjötslærið, sem aðilar í núverandi stjórn félagsins hafa sérstakt uppáhald á enda virkjar það alla viðstadda bæði í söng og leik.

Formaður ræddi um næsta fund félagsins, sem jafnframt verður aðalfundur félagsins. Verður hann haldinn 2. mars nk. Og hefst kl. 19:00 eða klukkustund fyrr en venja er þar sem matur verður á boðstólum. Var tilkynnt að þema fundarins verði forsetaklútar (Hölluklútar), með tilvísun stíl forseta Íslands, frú Höllu Tómasdóttur, sem gjarnan skreytir sig með klútum.

Formaður skýrði frá því að reynt yrði að horfa til þess að tillögur að styrkveitingum sem lagðar verða fyrir aðalfundinn beinist austur á land að þessu sinni, ef þess yrði einhver kostur. Er það til að koma til móts við óskir félagskvenna sem komið hafa fram á fundum um að a.m.k. annað hvert ár verði sérstaklega horft til félagasamtaka og verkefna austur á landi hvað varðar stærstu styrkveitingar félagsins.

Formaður skýrði frá því að tvær konur hafi ákveðið að ganga úr stjórn á aðalfundinum, þær Magga Unnars og Herdís Pétursdóttir, sem hafa setið í stjórn um nokkuð langt árabí. Það verði því tvö sæti laus við stjórnarborðið. Hvatti formaður fundarkonur til að bjóða sig fram í þau sæti og ítrekaði að það kæmi sér vel ef þær upplýsingar lægju snemma fyrir.

Formaður sagði það áriðandi að hafa reglubundna róteringu í stjórn svo ekki komi til þess að öll stjórnin fari í frá borði í einu lagi. Þannig haldist þekking og reynsla við stjórnarborðið.

Hún sagði það mjög skemmtilegt að starfa í stjórn, bæði lærdómsríkt og gefandi. Árlega væru haldnir ca. sjö fundir og margir þeirra væru í nokkuð föstum skorðum þannig að það þurfi ekki alltaf að finna upp hjólið. Vel hefur gengið að manna kaffinefndir undanfarin ár svo sá undirbúningur hafi ekki verið íþyngjandi fyrir stjórn.

Samþykkt var að sleppa fundi í aprílmánuði þar sem fyrsti mánudagur þess mánaðar lendir á hátíðisdegi og mikið er um ferðalög í apríl, í kringum páskahátíðina. Í staðinn verður fundur fyrsta mánudag í maímánuði.

Formaður þakkaði frábæra fundarsókn og sleit formlegri dagskrá. Hún hvatti fundarkonur til að dvelja áfram í salnum og spjalla áfram saman og njóta frekar veitinganna sem boðið var upp á.

Fleira gerðist ekki og fundi slitið.

Halla Kjartansdóttir, fundarritari.